

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

6. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS  
KJÖRTÍMABILÍÐ 2022-2026 9.12.2022

Árið 2022, Föstudaginn 9. desember 2022 kl. 9:00, var haldinn 5. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Bragi Þór Thoroddsen, Kristján Rúnar Kristjánsson, Dagbjört Hjaltadóttir, Yordan Slavov Yordanov og Jónas Ólafur Skúlason.

Bragi Þór Thoroddsen ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Velferðarmál í Súðavíkurhrepp – samstarf við Ísafjarðarbæ. Mæting.
2. Skýrsla sveitarstjóra.
3. Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps 2023 – seinni umræða.
4. Fundargerð 31. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 15. nóvember 2022
5. Fundargerð 2. fundar atvinnu og landbúnaðarnefndar 8. desember 2022.
6. Aðrar fundargerðir, kynningar- og umsagnarmál.
7. Lántaka fyrir Súðavíkurhrepp hjá Lánasjóði sveitarfélaga – veðheimild o.fl.

Afgreiðsla erinda:

1. Velferðarmál í Súðavíkurhrepp – samstarf við Ísafjarðarbæ. Mæting.  
*Farið yfir forsendur þjónustusamnings um rekstur félagsþjónustu fyrir Súðavíkurhrepp.*
2. Skýrsla sveitarstjóra.  
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
3. Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps 2023 – seinni umræða.  
Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps 2023 samþykkt.  
Áætlaður afgangur af rekstri samtals 7,7 mkr.
4. Fundargerð 31. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 15. nóvember 2022.  
Fundargerð samþykkt.
5. Fundargerð 2. fundar atvinnu og landbúnaðarnefndar 8. desember 2022.  
Fundargerð samþykkt.
6. Aðrar fundargerðir, kynningar- og umsagnarmál.  
Fundargerðir kynntar og lesnar.

7. Lántaka fyrir Súðavíkurrepp hjá Lánasjóði sveitarfélaga – veðheimild o.fl.

Sveitarstjórn Súðavíkurrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 200.000.000-, með lokagjalddaga þann 20. mars 2039, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til að fjármagna hafnarframkvæmdir sveitarfélagsins sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Braga Þór Thoroddsen, kt. 071071-4489, sveitarstjóra, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Súðavíkurrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.


Samþykkt samhljóða af sveitarstjórn.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 13:45



Bragi Þór Thoroddsen




Jónas Ólafur Skúlason



Yordan Slavov Yordanov

DAGB). HJALTAD.

Dagbjört Hjaltadóttir



Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti